

Umsögn vegna Bókmenntastefna fyrir árin 2024 - 2030

Pétur Már Guðmundsson
Kt. 130776-3539
Fyrir Sigvaldi bækur og list ehf
Kt. 710804-3380
sigvaldibooks@gmail.com

Ágæti viðtakandi hjá allsherjar- og menntamálanefnd,

Ég heiti Pétur Már Guðmundsson og rek vefbókabúðina Sigvaldi bækur og list ehf þar sem ég er að selja íslenskar bækur til útlanda. Sala á íslenskum bókum til útlanda hefur lengi verið hluti af íslenskrri bóksölu, lífll markaður en markaður engu að síður og ég hef verið viðloðandi þessa erlendu sölu í um fimmtán ár. Seinustu mánuði hef ég svo ég verið í samskiptum við fyrirtæki í Bandaríkjunum sem heitir Lightning Source og er hluti af stærra fyrirtæki á bandarískum bókamarkaði sem heitir Ingram Content Group. Ánægjulegt er að heyra af metnaðarfullri vinnu við íslenska bókmenntastefnu fyrir næstu árin og þörf er að kynna þá möguleika sem LightningSource og Ingram geta boðið íslenskum bókamarkaði og unnendum íslenskra bóka.

Ingram er alþjóðlegt bókabjónustufyrirtæki þó það sé sannarlega með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum. Þau bjóða uppá þjónustu fyrir útgefendur, bókasöfn, stofnanir og háskóla aðallega. Ingram er með stærsta bókalistan á bókamarkaðnum í heiminum í dag en þau geta boðið uppá rúmlega sjö og hálf milljón titla.

Lightning Source sem er hluti af Ingram Content Group sérhæfir sig í “prentað eftir þörfum (print on demand) prentun bóka, heildsölu þjónustu og dreifingu á bókum.

Ingram Spark er annar angi af Ingram og er viðmót hannað fyrir minni útgefendur og eigin útgáfu á hvers kyns efni.

Hér eru heimasíður Ingram, Lightning Source og Ingram Spark

<https://www.ingramcontent.com/>

<https://myaccount.lightningsource.com/>

<https://www.ingramspark.com/>

Það sem Lightning Source / Ingram hefur uppá að bjóða fyrir íslenskan bókamarkað er kynning og sala á íslenskum bókmenntum hérlendis og erlendis. Orðspor íslenskra bókmennta og útgáfustarfsemi er gott. Allir möguleikar á að koma íslenskum bókmenntum betur á framfæri, ættu að vera kannaðir og nýttir þegar kemur að gerð nýrrar bókmenntastefnu. Rétt eins og útgáfa bóka á íslensku er snar þáttur í að viðhalda íslensku þá er kynning og sala á íslenskum bókmenntum erlendis snar þáttur á þeirri vegferð.

Það þyrfti í samvinnu við íslenska útgefendur að koma bókatalum á lista hjá Lightning Source / Ingram. Þessir listar eru kynntir á vegum þeirra fyrir öllum helstu bóksölum heims eins og Barnes & Nobles, Blackwell og Amazon. Titlarnir væru einnig kynntir fyrir viðskiptavinum Ingram bókasafna, háskóla og stofnana.

Það að titlarnir væru til hjá Lightning Source þýðir einnig að hægt er að prenta út eintökin eftir þörfum. Hvort sem um er að ræða eitt stykki eða þúsund. Ef þöntun kemur á íslenskan titil á listanum, sama í hvaða magni sem sagt, er titillinn prentaður eftir þörfum og gæti borist kaupanda á nokkrum dögum. Ef kaupandi er staddur í Evrópu, Ameríku eða Ástralíu, gæti þessi afhendingartími verið enn styttri.

Bækur sem eru uppseldar en til á skráarformi hjá útgefenda myndu sannarlega njóta góðs af þessum möguleika. Sem myndi þá auka verðmæti bókalista íslenskra útgefenda. Þessar bækur yrðu fánlegar hjá Ingram / Lightning Source og yrðu kynntar fyrir allar helstu bóksala í heimi og prentaðar eftir þörfum.

Þessi lausn myndi líka nýtast útgefendum á Íslandi til að geta stjórnað betur prentuðu magni af eintökum titla í hvert skipti sem þýðir auðveldari lager- og vörustjórnun sérstaklega fyrir minni útgefendur en líka stærri útgefendur. Þetta gæti skilað sér í lægra verði fyrir lesendur íslenskra bóka.

Gæði prentana eftir þörfum eins og hér er um að ræða, eru alltaf að aukast. Nýlega festi líka Ingram Content Group kaup á fjórum nýjum fullkomnum HP prentvélum sem skila fullkomnu prentverki og eru færar um að prenta hverskonar bækur sem hugsast getur.

Í viðræðum mínum við Lightning Source / Ingram hafa þau boðist til að bjóða íslenskum útgefendum uppá afslátt til að nýta sér þessa þjónustu sem þau bjóða uppá. Sala á íslenskum bókum til útlanda er sjálfsgagt lífill markaður miðað við heildar bókasölu íslenskra bóka. En þetta er markaður engu að síður. Á þessum markaði eru líka fólgin tækifæri og eins og minnst hefur verið á hér að ofan, frekari kynning.

Ég tel að íslenskar bókmenntir eiga að nýta öll tækifæri sem bjóðast í breyttum heimi miðlunar. Skoða alla möguleika til að bæta hag íslenskra bóka og tryggja stöðu íslenskrar tungu í leiðinni og fagna vinnu við bókmenntastefnu fyrir árin 2024 - 2030.

Með kærri kveðju og fyrirfram þökk,
Pétur Már Guðmundsson

